

EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

Nr. 30

við Stjórnartíðindi EB

2. árgangur

17.8.1995

I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA

95/EES/30/01 Ríkisaðstoð - Mál nr. 95-002 - Noregur..... 01

3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

95/EES/30/02 Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram
(Mál nr. IV/M.599 - Noranda Forest/Glunz)..... 09

95/EES/30/03 Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.611 - Dresdner Bank/Kleinwort Benson)..... 10

95/EES/30/04 Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.612 - RWE-DEA/Enichem Augusta)..... 10

95/EES/30/05 Auglýsing samkvæmt 3. mgr. 16. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3975/87 -
Mál nr. IV/35.545 - Lufthansa/SAS..... 10

95/EES/30/06 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 13. júlí 1995 um breytingu á ákvörðun
94/984/EB um heilbrigðisskilyrði og -vottorð vegna innflutnings á nýju alifuglakjöti frá
tilteknum þriðju löndum..... 11

95/EES/30/07 Sjötta tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/32/EB frá 7. júlí 1995 varðandi
nauðsynlegar greiningaraðferðir til eftirlits með samsetningu snyrtivara..... 11

| | | |
|-----------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----|
| 95/EES/30/08 | Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/33/EB frá 10. júlí 1995 um breytingu á tilskipun ráðsins 82/471/EBE um ákveðnar afurðir í dýrafæðu..... | 11 |
| 95/EES/30/09 | Áætlun fram í tímann fyrir stál fyrir seinni hluta ársins 1995 og fyrir allt árið 1995..... | 11 |
| 95/EES/30/10 | Tilvísunarnúmer fyrir tilkynningu um útflutning tiltekinna hættulegra kemískra efna..... | 12 |
| 95/EES/30/11 | Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 10. 7. til 4. 8. 1995..... | 12 |
| 3. Dómstóllinn | | |
| 95/EES/30/12 | Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna..... | 14 |
| 95/EES/30/13 | Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi..... | 14 |

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

RÍKISADSTOÐ

95/EES/30/01

(95-002 - Noregur)

Tilkynning eftirlitsstofnunar EFTA, samkvæmt 2. mgr. 1. gr. bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnunina og dómstólinn, til annarra EFTA-ríkja, aðildarríkja EB og hagsmunaaðila, um aðstoð sem Noregur áformar að veita í formi eftirgjafar, fyrir glerumbúðir, á grunnskatti sem lagður er á einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur

Með ákvörðun 40/95/COL frá 13. apríl 1995, en meginefni hennar er rakið hér á eftir, hóf eftirlitsstofnun EFTA málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 1. gr. bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnunina og dómstólinn. Norskum stjórnvöldum hefur verið sent eintak af ákvörðuninni.

„I. MÁLSATVIK

1. Tilkynningin

Með bréfi dagsettu 20. janúar 1995, sem barst eftirlitsstofnun EFTA 24. janúar sama ár (tilv. 95-512 A), tilkynntu norsk stjórnvöld, í samræmi við 3. mgr. 1. gr. bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnunina og dómstólinn, áform um að undanþiggja glerumbúðir frá grunnskattinum⁽¹⁾ („grunnavgiften“) á einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur. Eftirlitsstofnun EFTA fór fram á frekari upplýsingar frá norskum stjórnvöldum í bréfi frá 3. febrúar 1995 (tilv. 95-573 D). Umbeðnar upplýsingar voru sendar stofnuninni í símbreffi (tilv. 95-979 A), dagsettu 15. febrúar 1995, sem barst 16. febrúar 1995.

2. Efni og markmið aðstoðarráðstafananna

Norsk stjórnvöld hafa lagt til að undanþiggja glerflát frá óbeinum skatti á einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur. Skatturinn nemur nú 0,70 NOK á einingu á innri umbúðir. Þrátt fyrir að skattundanþágan muni gilda jafnt fyrir öll glerflát, bæði þau sem eru framleidd innanlands svo og innflutt glerflát, miðast aðstoðin aðallega við það að tryggja áframhaldandi framleiðslu fyrirtækisins PLM Moss Glassverk A/S. Eigandi PLM MOSS Glassverk A/S hafði í fyrstu ákveðið að hætta framleiðslu í Noregi vegna tapreksturs fyrirtækisins.

Samkvæmt norskum yfirvöldum hefur fyrirkomulag umhverfisskatta, einkum skatta sem eru lagðir á umbúðir fyrir drykkjarvörur í Noregi, haft alvarleg áhrif á arðsemi PLM Moss Glassverk A/S. Skattar á umbúðir fyrir drykkjarvörur og orkutengdir skattar eru, samkvæmt tilkynningunni, óvenjulega háir í Noregi borið saman við önnur EES-lönd.

PLM Moss Glassverk A/S er aðalnotandi glerúrgangs sem er safnað og unninn með endurvinnslu í huga og því telja norsk yfirvöld starfsemi fyrirtækisins vera ómissandi hluta norska kerfisins fyrir endurvinnslu á glerúrgangi. Norsk yfirvöld leggja áherslu á að annar markaður fyrir unnin glerúrgang sé mjög takmarkaður þannig að norska kerfinu fyrir endurvinnslu á gleri sé stefnt í hættu ef PLM-samstæðan lokar PLM Moss Glassverk A/S.

Norsk yfirvöld telja að ófyrirsjáanleg áhrif skattsins á einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur á eitt fyrirtæki, einkum þegar hann bætist við aðra umhverfisskatta, geri það að verkum að norsk stjórnvöld verði að gera ráðstafanir til að mæta afleiðingunum. Þau telja að aðstoð sé réttmæt samkvæmt undanþágunum sem kveðið er á um í c-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins með skírskotun til mikilvægis þess að halda áfram glerframleiðslu í Noregi, til þátta sem tengjast umhverfismálum og til þeirra áhrifa sem hugsanleg lokun fyrirtækisins mundi hafa á atvinnu í héraði þar sem iðnaður er á undanhaldi.

⁽¹⁾ Hugtakið grunnskattur er m.a. notað til að greina þennan skatt frá sundurgreinda umhverfisskattinum sem er lagður á endurnýtanlegar umbúðir.

3. PLM Moss Glassverk A/S og markaðurinn fyrir drykkjarumbúðir

PLM Moss Glassverk A/S

PLM Moss Glassverk A/S er eini framleiðandinn í Noregi sem framleiðir glerumbúðir. Framleiðslustöðvar fyrirtækisins eru í Moss sem er stjórnsýslusmiðstöð í Austfold-fylki og er fyrirtækið einn af helstu vinnuveitendum þar. Fyrirtækið er dótturfyrirtæki PLM-samstæðunnar sem er með sambærilegar framleiðslustöðvar í Svíþjóð og öðrum EES-ríkjum. PLM-samstæðan keypti Moss Glassverk A/S⁽¹⁾ eftir að fyrirtækið varð gjaldþrota árið 1989. Norska dótturfyrirtækið hefur verið rekið með tapi frá 1992, sem stafar af tveimur umhverfissköttum á umbúðir fyrir drykkjarvörur, öðrum orku- eða umhverfistengdum skatti og minnkandi eftirspurn eftir glerumbúðum. Árið 1993 nam hallinn 10,3 milljónir NOK.

PLM Moss Glassverk A/S hefur 285 manns í sinni þjónustu. Framleiðslubúnaður samanstendur af tveimur bræðsluofnum og fjórum framleiðsluvélasamstæðum sem geta starfað samtíma eftir fimm framleiðslulínunum. Bræðsluofnarnir hafa átta ára endingartíma, en að þeim tíma liðnum verður að endursmíða þá. Endingartími eins bræðsluofnsins rennur út í árslok 1995, en endingartími hins ofnsins árið 1996. PLM-samstæðan verður því að taka ákvörðun, í fyrsta lagi um hvort gera eigi við ofnana til bráðabirgða, en slík viðgerð kostar 20 milljónir NOK, eða í öðru lagi um hvort fjárfesta skuli í nýjum bræðsluofni, en slík fjárfesting kostar 33 milljónir NOK, og leggja út í frekari fjárfestingar síðar.

Sé fyrri kosturinn valinn yrði að draga smám saman úr framleiðslu í Noregi árin 1995-98 og fjárfestingar og framleiðsla aukin í verksmiðju PLM-samstæðunnar í Limmared í Svíþjóð. Síðari kosturinn myndi gera kleift að halda framleiðslu í Noregi áfram fram yfir aldamótin 2000. Þó setur PLM þau skilyrði fyrir seinni kostinum að framleiðsla í Noregi teljist arðvænleg. Samkvæmt norskum yfirvöldum krefst seinni kosturinn þess að næg eftirspurn sé eftir einnota glerumbúðum í Noregi, en slíkt er eingöngu unnt að tryggja með því að undanþiggja gler frá grunnskattinum sem lagður er á einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur eða með öðrum ráðstöfunum sem bera sama árangur⁽²⁾.

Upphaflega ákvað PLM-samstæðan 5. desember 1994 að hætta smám saman framleiðslu PLM Moss Glassverk A/S. Ákvörðunin grundvallaðist á óhagstæðum framleiðslukostnaði í Noregi vegna hárra umhverfis- og orkuskatta. Að höfðu samráði við norsk stjórnvöld ákvað PLM-samstæðan þó að fallast á seinni kostinn.

Aðstoð við PLM Moss Glassverk A/S

Norsk yfirvöld áætla að fjárhagslegur hagnaður PLM Moss Glassverk A/S af skattundanþágu fyrir glerumbúðir nemi 13 milljónum NOK á ári. Sú tala er fengin með því að margfalda fjölda íláta fyrir drykkjarvörur úr einnota gleri, sem Moss Glassverk A/S framleiðir, með skattinum á hverja einingu, sem er 0,70 NOK.

Árið 1994 naut Moss Glassverk A/S góðs af beinni fjárveitingu sem norska þingið úthlutaði árið 1993 og nam 11 milljónum NOK⁽³⁾, samkvæmt tímabundnu styrkjakerfi til að tryggja söfnun og endurvinnslu á gleri í Noregi. Fyrirtækið Norsk Glassgjenvinning A/S⁽⁴⁾, sem er sérhæft í söfnun og vinnslu á gleri til að endurnota sem hráefni, fékk eina milljón NOK samkvæmt sama kerfi árið 1994. Tímabundna styrkjakerfið var lagt niður 31. desember 1994.

Framleiðslutölur PLM Moss Glassverk A/S

Framleiðslutölur PLM Moss Glassverk A/S á tímabilinu 1990 til 1994 sýna merkjanlegar sveiflur bæði í framleiðsluvirði og framleiðslumagni fyrirtækisins. Hins vegar er vert að vekja athygli á að einingarverð einnota íláta fyrir óafenga drykki, sem er sú tegund af framleiðslu fyrirtækisins sem ætla mætti að eftirgjöf á grunnskatti hefði mest áhrif á, virðist hafa lækkað töluvert þann tíma sem athuginin fór fram.

⁽¹⁾ Stofnsett 1898.

⁽²⁾ Samkvæmt 3. lið í viðbótarupplýsingunum sem norsk yfirvöld lögðu fram.

⁽³⁾ Budsjettstilling S II (1993-94, 70. liður í kafla 1442.

⁽⁴⁾ Hér á eftir kallað NGG.

Markaðstölur fyrir umbúðir fyrir drykkjarvörur í Noregi

Ekki er unnt að greina umbúðamarkaðinn frá markaðinum fyrir drykkjarvörur. Hvað varðar eftirspurn þá velur neytandi alla jafna samtímis milli ólíkra drykkjarvara og mismunandi umbúða. Hvað varðar framboð þá á framleiðsla á umbúðum, eftir því hvaða umbúðaefni er notað, sér oft stað um leið og drykkjarvörur eru framleiddar og þær settar í umbúðir. Þó verður að framleiða glerumbúðir sérstaklega. Vegna þessa og sakir hefðar, er auðveldara að afla magnupplýsinga um glerumbúðir en upplýsinga um umbúðir úr öðru efni.

Norsk yfirvöld hafa sent eftirlitsstofnuninni víðtækar upplýsingar um norska drykkjarvöru- og umbúðamarkaðinn. Til að fá heildarmynd af markaðinum fyrir drykkjarumbúðir væri nauðsynlegt að setja sérhverja tegund af drykkjarvöru upp í fylki ásamt hverri gerð umbúða. Slíkar samstæðar upplýsingar eru þó ekki fyrirleggjandi. Tölur 1 og 2 og framleiðslutölur fyrir PLM Moss Glassverk A/S, sem eru teknar úr víðara samhengi, sýna sum meginþætti norska markaðarins, einkum þegar þær eru skoðaðar í tengslum hverjar við aðra.

Tafla 1 hér á eftir sýnir grunngerð og þróun á markaðinum fyrir drykkjarumbúðir í Noregi. Bjór er alla jafna annaðhvort seldur í margnota glerflöskum eða í tunnum. Samkvæmt töflu 1 eru málm dósir einu einnota umbúðirnar sem eru notaðar fyrir bjór með einungis 1% af markaðshlutdeild. Plastflát eru greinilega ekki komin inn á bjórmarkaðinn.

Hvað varðar óáfenga gosdrykki kemur ljóslega fram í töflu 1 hve margnota plastumbúðir hafa unnið á á þessum markaði á kostnað glerflaskna. Markaðshlutfur margnota glerflaskna hefur lækkað úr 88% árið 1990 í 26% árið 1993, en á sama tíma hafa plastflát aukið hlutfeld sína úr 1% í 73%. Hvað varðar bjór, er markaðshlutfur málm dósa 1%. Markaðshlutfur glerumbúða fyrir safu og aðra óáfenga goslausu drykki virðist tiltölulega stöðugur þrátt fyrir að tafla 1 sýni einnig dálítinn samdrátt í notkun glerfláta á þessu markaðssviði.

Heildarneysla í Noregi árið 1990 var 222 milljónir lítra af bjór, 370 milljónir lítra af óáfengum gosdrykkjum og 200 milljónir lítra af óáfengum goslausum drykkjum⁽¹⁾.

Tafla 1⁽²⁾

Heildarneysla á bjór, óáfengum gosdrykkjum og óáfengum goslausum drykkjum samkvæmt umbúðategund í prósentum.

| Umbúðir/ Drykkjar- vörur | 1990 | | | 1993 | | |
|--------------------------------|------|------------------------|----------------------------------|------|------------------------|----------------------------------|
| | Bjór | Óáfengir gosdrykkir | Óáfengir goslausir drykkir | Bjór | Óáfengir gosdrykkir | Óáfengir goslausir drykkir |
| Gler | | | | | | |
| - margnota | 75 | 88 | - | 72 | 26 | - |
| - einnota | - | - | 9 | - | - | 7 |
| PET (plast) | | | | | | |
| - margnota | - | 1 | - | | 73 | - |
| - einnota | - | 10 | 21 | | | 23 |
| Dósir | 1 | 1 | - | 1 | 1 | - |
| Fernur | - | - | 46 | - | - | 46 |
| Tunnur | 24 | - | - | 27 | - | - |
| 2,5 og 5 lítra flát | - | - | 24 | - | - | 24 |
| Samtals | 100 | 100 | 100 | 100 | 100 | 100 |

⁽¹⁾ Heimild: PLM Moss Glassverk A/S.

⁽²⁾ Heimild: PLM Moss Glassverk A/S.

Viðskiptatölur - glerumbúðir fyrir drykkjarvörur

Tafla 2 hér á eftir er byggð á tölfræðilegum upplýsingum⁽¹⁾ sem samtök umbúðaframleiðenda í Noregi birtu⁽²⁾. Flokkunarkerfi samræmdu tollskrárinnar gerir ekki kleift að bera kennsl á sérstakar tölur til upplýsingar um útflutning og innflutning á innri umbúðum fyrir drykkjarvörur úr málmni eða plasti. Því tekur tafla 2 ekki til slíkra umbúða. Taflan sýnir almenna aukningu á útflutningi á glerflöskum fyrir áfenga og óáfenga drykki sem geta ekki hafa verið framleiddar annars staðar en í PLM Moss Glassverk A/S. Þetta virðist vera í samræmi við ákvörðun PLM-samstæðunnar um að loka einni framleiðsluverksmiðju sinni í Svíþjóð (Hammer) og flytja hluta framleiðslunnar til Noregs eftir að hafa keypt Moss Glassverk A/S. Innflutningur á glerflöskum til Noregs hefur einnig aukist á sama tímabili, en í minna mæli.

Tafla 2

Innflutningur og útflutningur á umbúðum fyrir drykkjarvörur

| Númer í samræmdu tollskránni | Lýsing | 1990 | | 1991 | | 1993 | |
|------------------------------|--------------------------------------------------|-----------------------------|----------------------------|-----------------------------|----------------------------|-----------------------------|----------------------------|
| | | Innflutningur milljónir NOK | Útflutningur milljónir NOK | Innflutningur milljónir NOK | Útflutningur milljónir NOK | Innflutningur milljónir NOK | Útflutningur milljónir NOK |
| 7001.9001 | Glerumbúðir Flöskur fyrir bjór og ölkelduvatn | 2,0 | 23,6 | 8,1 | 22,4 | 2,6 | 31,5 |
| 7001.9002 | Flöskur fyrir vín, brennda drykki eða safa | 4,5 | 0,2 | 2,9 | 13,0 | | 23,7 |
| 7001.9005 | Aðrar flöskur | 12,1 | 9,1 | 14,4 | 25,6 | | 6,7 |

4. Skattar á drykkjarumbúðir

Grunnskattur („grunnavgift“) á allar einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur var innleiddur þann 1. janúar 1994 með þingsályktun⁽³⁾. Skatturinn er óbeinn skattur sem nemur 0,70 NOK á hverja einingu. Skatturinn er ekki innifalinn í grunnútreikningi á virðisaukaskatti eða sérstökum gjöldum á drykkjarvörur. Skatturinn er lagður á öll einnota drykkjarilát óháð endurheimtu- eða endurvinnsluhlutfalli. Einnota umbúðir eru skilgreindar⁽⁴⁾ sem allar umbúðir sem ekki er unnt að nota aftur í sama tilgangi og áður. Grunnskatturinn er lagður á allar einnota umbúðir⁽⁵⁾ fyrir drykkjarvörur að undanskildu eftirfarandi: a) mjólk og mjólkurafurðum, b) drykkjarvörum þar sem uppistaðan er kaffi, te, kakó, súkkulaði og þykkni slíkra afurða og c) vörum í duftformi.

Grunnskatturinn er innheimtur⁽⁶⁾ á framleiðslu- eða heildsölustigi í tengslum við innheimtu sérstakra gjalda á drykkjarvörur, að svo miklu leyti sem það er framkvæmanlegt. Hvað varðar glerumbúðir sem eru framleiddar innanlands merkir þetta að PLM Moss Glassverk A/S greiðir grunnskattinn beint, á meðan skattur fyrir annað umbúðaefni sem framleitt er innanlands er alla jafna greiddur af framleiðanda drykkjarvaranna eða á heildsölustigi þegar slíkt er hentugast. Samkvæmt norskum yfirlögum einkennist þetta fyrirkomulag á skattinnheimtu af takmörkuðum fjölda innheimtustaða.

(1) Heimild: NOS Utenrikshandel.

(2) Den Norske Emballasjeforening - Emballasjeindustriens Landsforening (EIL).

(3) St.prp. nr. 1 (1994-95) Skatter og avgifter til statskassen, Grunnavgift på engangsballasje for drikkevarer.

(4) Sjá b-lið 2. mgr. í „Forskrifter om grunnavgift på engangsballasje for drikkevarer fastsatt af Finansdepartementet 30. desember 1993“.

(5) Sem taka minna er fjóra lítra.

(6) Sjá 1. mgr. reglugerðarinnar um grunnskatt á einnota drykkjarilát frá 30. desember 1993 þar sem vísað er til reglugerðar um skatta á goslausa, óáfenga drykki sem samþykkt var af fjármálaráðuneytinu 9. júlí 1987 og var síðast breytt 19. desember 1989 og reglugerð um framleiðslu, innflutning og skattlagningu bjórs frá 30. desember 1993 sem var síðast breytt 22. desember 1994.

Hvað varðar innfluttar vörur getur innflytjandi annaðhvort greitt grunnskattinn við tollafgreiðslu þeirra eða þegar þær eru settar í umferð eftir að hafa verið í tollvöruheymslum. Umdæmistollstjóri getur leyft innflytjanda, með sérstökum skilyrðum tollskrifstofunnar, að geyma vörur í tollvöruheymslum eða flytja þær til framleiðenda áður en tollafgreiðsla fer fram. Skattur er ekki lagður á umbúðir sem eru fluttar út frá Noregi.

Norsk stjórnvöld hafa samþykkt reglugerð um skilakerfi fyrir umbúðir⁽¹⁾ drykkjarvara⁽²⁾. Reglugerðin gildir um skilakerfi fyrir umbúðir sem eru notaðar við dreifingu á drykkjarvörum til neytenda.

Samkvæmt 4. mgr. reglugerðarinnar sem um getur hér að framan geta einstakir framleiðendur eða innflytjendur drykkjarvara komið á fót og haft umsjón með, eða tekið þátt í, skilakerfi fyrir innri umbúðir. Mengunareftirlit ríkisins skal samþykkja skilakerfið. Forsenda fyrir viðurkenningu er að ætla megi að skilakerfið nái 25 prósentu lágmarksskilahlutfalli og að umbúðirnar séu endurunnar á viðeigandi vistvænan hátt. Skilakerfi sem byggist á orkunýtingu er eingöngu unnt að samþykkja í tilvikum þar sem ekki er unnt að endurnota eða endurvinnna efnið vegna tæknilegra, umhverfislegra eða efnahagslegra ástæðna. Unnt er að setja skilyrði fyrir samþykki. Ákvörðunin um áætlað skilahlutfall liggur til grundvallar fyrir ákvörðun varðandi umhverfisskatt á umbúðir fyrir drykkjarvörur sem unnt er að endurnota eða endurvinnna.

Sundurgreindur umhverfisskattur sem að meginreglu til er lagður á öll drykkjarflát⁽³⁾ var innleiddur 1. júlí 1993. Grunnskattur á einnota flát er lagður á til viðbótar þessum skatti. Sundurgreindi skatturinn á umbúðir fyrir drykkjarvörur kom í stað fyrri sorpskatts (avgiften mot forsøpling) sem var lagður á öll drykkjarflát sem ekki voru hluti af endurvinnslukerfinu og nam 3,50 NOK⁽⁴⁾ á hverja einingu. Margnota flát voru undanþegin skatti. Sundurgreindi umhverfisskatturinn er innheimtur í samræmi við sömu meginreglu og grunnskatturinn á einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur.

Umhverfisskatturinn er sundurgreindur samkvæmt endurvinnslueiginleikum hvernar gerðar fláts. Flát sem ekki eru endurunnin eða ekki er unnt að skila eða með mjög lágt endurvinnslu- eða skilahlutfall (minna en 25%) eru skattlögð að fullu á meðan flát með mjög hátt endurvinnslu- eða skilahlutfall (meira en 95%) eru óskattlögð. Prósentuhlutföll endurvinnslu á bilinu 25 til 95% eru greind að eftir línulegum kvarða, þ.e. 50% af skatthlutfalli er greitt ef áætlað skila- eða endurvinnsluhlutfall er 50%. Fullur skattur er nú 3,00 NOK á hverja einingu fyrir flát undir bjór, áfenga drykki (vín og brennivín) og flát fyrir óáfenga gosdrykki, og 0,30 NOK á einingu fyrir flát⁽⁵⁾ undir goslausu óáfenga drykki.

5. Norska söfnunar- og endurvinnslukerfið fyrir glerúrgang

Söfnun og endurvinnsla glerumbúða grundvallast einnig á reglum sem um getur í reglugerðinni um skilakerfi fyrir umbúðir fyrir drykkjarvörur frá 10. desember 1993.

Mengunareftirlit ríkisins viðurkennir, á grundvelli reglugerðarinnar sem um getur hér að framan, skilakerfi fyrirtækisins Norsk Glassgjenvinning A/S (NGG), sem sérhæfir sig í söfnun og vinnslu glers til að endurnota sem hráefni. Áætlað skilahlutfall skilakerfis NGG fyrir árið 1995 er 65%. Að auki greiða meðlimir í NGG endurvinnslugjald fyrir hverja einingu glerumbúða til NGG til að mæta kostnaði vegna skilakerfisins. Meðlimir í NGG verða því nú að greiða NGG grunnskattinn á einnota drykkjarflát (= 0,70 NOK á hverja einingu), 35% af umhverfisskattinum (= 1,05 NOK á hverja einingu) og endurvinnslugjaldið.

Auk þess að starfrækja skilakerfi sérhæfir NGG sig í vinnslu á glerúrgangi. NGG kaupir glerúrgang frá sveitar- og bæjarfélögum sem safna honum sérstaklega. Síðan vinnur NGG glerúrganginn og selur hann sem hráefni til PLM Moss Glassverk A/S eða annarra fyrirtækja sem nota gler sem framleiðsluhráefni. Þar til í árslok 1994 var PLM Moss Glassverk A/S eini kaupandinn að unnum glerúrgangi frá NGG. NGG hefur nú fundið aðra kaupendur að unnum glerúrgangi. Verkefni um hugsanlega notkun á glerúrgangi sem hráefni til framleiðslu á sérstakri glerstorku („glass betong“) hefur verið hrint í framkvæmd. Verkefnið er enn á byrjunarstigi og framleiðsla ekki hafin.

⁽¹⁾ Reglugerð samþykkt af umhverfisráðuneytinu þann 10. desember 1993 samkvæmt lögum nr. 79 frá 11. júní 1976 um vöruaftirlit, § 4 sbr. konungsúrskurð frá 5. ágúst 1977.

⁽²⁾ Með drykkjarvörum er átt við allar fljótandi drykkjarvörur, einnig fljótandi þykkni til blöndunar, en ekki þykkni í duftformi.

⁽³⁾ Endurvinnsla tekur til endurnotkunar, endurvinnslu á efni og orkunýtingar samkvæmt § 3 í reglugerðinni.

⁽⁴⁾ Heimild: fjármálaráðuneytið.

⁽⁵⁾ Sem alla jafna innihalda safu.

II. MAT

Með tilkynningu frá 20. janúar 1995 uppfylltu norsk stjórnvöld skyldu sína samkvæmt 3. mgr. 1. gr. bókonar 3 við samninginn um eftirlitsstofnunina og dómstólinn um að tilkynna áform um að veita eða breyta aðstoð.

Þar sem áformað er að veita aðstoðina í formi eftirgjafar á skatti sem lagður er á af norskum stjórnvöldum skal hún veitt af ríkinu af ríkisfé. Þrátt fyrir að undanþágan frá grunnskattinum á einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur muni gilda bæði fyrir innlendar og innfluttar vörur, en ekki aðeins fyrir vörur eina norska glerumbúðaframleiðandans, þ.e. PLM Moss Glassverk A/S, á kostnað annarra glerumbúðaframleiðenda innan EES, er samt unnt að telja þessar ráðstafanir til ríkisaðstoðar. Undanþága fyrir glerflát frá grunnskattinum á einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur mun fyrst og fremst vera PLM Moss Glassverk A/S til hagsbóta þar sem fyrirtækið er helsti framleiðandi glerumbúða á norska markaðinum. Fyrirtækið mun losna undan þeirri kvöð að greiða grunnskattinn á framleiðslu sína á einnota glerflát fyrir drykkjarvörur. Annar efnahagslegur ábati frá skattundanþágu fyrir glerumbúðir mun líklega dreifast á fjölda framleiðenda glerumbúða eða aðra aðila á drykkjarvörumarkaðinum. En þar sem PLM Moss Glassverk A/S á í raunverulegri eða hugsanlegri samkeppni við fyrirtæki innan EES sem framleiða annað umbúðaefni, sem getur komið í stað glers, kann aðstoðin að raska samkeppni og hafa áhrif á viðskipti innan samningssvæðis EES. Því er niðurstaðan sú að fyrirhugaðar ráðstafanir heyri til aðstoðar í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

Því ber að meta hvort unnt sé að beita einhverju undanþáguákvæðanna samkvæmt 2. og 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins þannig að hægt sé að undanþiggja aðstoðina almenna banninu í 1. mgr. 61. gr.

Til að unnt sé að beita einhverju þessara undanþáguákvæða mega ráðstafanirnar ekki vera í andstöðu við önnur ákvæði EES-samningsins, svo sem ákvæði er varða frjálsa vöruflutninga.

Sundurgreindi norsk umhverfisskatturinn sem er lagður á endurnýtanleg ílát skiptist í nokkur þrep sem miðast við endurvinnslustig þeirra. Með grunnskattinum er markaðssetningu drykkjarvara í einnota ílátum settar skorður óháð því hvort unnt sé að endurvinna ílátin. Tölfræðilegar upplýsingar sem eftirlitsstofnunin hefur undir höndum gera hvorki kleift að ganga úr skugga um hvort hærri skattar á einnota ílát, t.d. einnota gler, PET-flöskur eða áldósir, hafi einkum áhrif á erlendar vörur, né hvort óskattlögð ílát, þ.e. margnota ílát, t.d. margnota gler og PET-flöskur, séu fyrst og fremst notuð fyrir innlendar vörur. Af þessum upplýsingum er ekki heldur unnt að greina ástæðurnar sem liggja að baki álagningu grunnskatts, sem ekki er lagður á margnota vörur, á endurnýtanlegar vörur því að grunnskatturinn er lagður á þrátt fyrir að hámarksendurvinnsla sé náð, með svo til jafngóðum árangri frá umhverfisverndarsjónarmiði og notkun margnota umbúða. Skattkerfið er nú í athugun hjá eftirlitsstofnuninni sem mun meta hvort það samrýmist ákvæðum EES-samningsins, einkum 14. gr. hans.

Tillagan um að undanþiggja gler frá grunnskattinum myndi að auki leiða til þess að skattaálögur, og þá er átt við grunnskattinn, á endurnýtanleg ílát úr gleri yrðu aðrar en á önnur endurnýtanleg ílát, t.d. úr PET eða áli. Til grundvallar þessum mismun virðist liggja sú fyrirætlan að gera endurvinnsluferfi fyrir gler arðbært á meðan ekkert er að gert til að auðvelda endurvinnslu á öðru umbúðaefni með því að veita sambærilega undanþágu frá grunnjaldinu. Af þessu má draga þá ályktun að eftirgjöf á grunnskattinum fyrir endurnýtanleg ílát úr gleri leiði af sér mismunandi skattlagningu á sambærilegar vörur. Enn fremur virðist, miðað við upplýsingarnar sem stofnunin hefur undir höndum, sem sumar umbúðirnar sem grunnskatturinn yrði áfram lagður á, t.d. áldósir, séu mikið notaðar fyrir erlendar vörur á meðan umbúðir sem eru undanþegnar skattinum, vegna þess að þær eru margnota eða vegna undanþágu fyrir endurnýtanlegar glerflöskur frá grunnskattinum, yrðu alla jafna notaðar fyrir innlendar vörur. Þar sem fyrirhuguð skattundanþága myndi ekki afnema hugsanlega mismunun sem liggur í skattinum sjálfum heldur kynni þvert á móti að leiða til frekari mismununar sem margvísleg skattlagning á sambærilegar vörur myndi valda, og með því að stuðla að framgangi innlendra vara, getur stofnunin ekki samþykkt áætlunina. við núverandi aðstæður.

Hvað varðar hugsanlega beitingu einstakra undanþáguákvæða að öðru leyti gerir stofnunin eftirfarandi athugasemdir:

Í a-lið 2. mgr. 61. gr. er kveðið á um að aðstoð af félagslegum toga sem veitt er einstökum neytendum samrýmist framkvæmd EES-samningsins, enda sé hún veitt án mismununar með tilliti til uppruna viðkomandi framleiðsluvara. En þar sem skattaundanþágan er ekki af félagslegum toga og er að meginreglu til ekki veitt í þágu einstakra neytenda heldur sérstaks fyrirtækis gildir þetta ákvæði ekki. Ákvæði b-liðar 2. mgr. 61. gr. sem varðar aðstoð sem veitt er til að bæta tjón af völdum náttúruhamfara eða óvenjulegra atburða á greinilega ekki við í umræddu máli og sama gildir um c-lið 2. mgr. 61. gr. varðandi aðstoð sem veitt er til ákveðinna svæða í Sambandslýðveldinu Þýskalandi.

Í liðum a-d í 3. mgr. 61. gr. er kveðið á um fjögur aðskilin undanþáguákvæði þar sem aðstoð getur talist samrýmanleg framkvæmd samningsins. Ákvæði b-liðar 3. mgr. 61. gr. varðar „aðstoð til að hrinda í framkvæmd mikilvægum sameiginlegum evrópskum hagsmunamálum eða ráða bót á alvarlegri röskun á efnahagslífi aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis“ og ákvæði d-liðar 3. mgr. 61. gr. varðar „aðstoð af öðru tagi sem sameiginlega EES-nefndin kann að tiltaka í samræmi við VII. hluta“ EES-samningsins. Hvorugt þessara ákvæða varðar umrætt mál. Einu undanþáguákvæðin sem þá eru eftir eru liðir a og c í 3. mgr. 61. gr.

Ljóst er af athugunum stofnunarinnar í tengslum við ákvörðun hennar frá 16. nóvember 1994⁽¹⁾ um kort yfir svæði sem njóta stuðnings í Noregi að Austfold-fylki, þar sem PLM Moss Glassverk A/S er staðsett, hefur ekki rétt á svæðaaðstoð samkvæmt a-lið 3. mgr. 61. gr. sem „svæði þar sem lífskjör eru óvenju bágborin eða atvinnuleysi mikið“, né er Austfold-fylki meðal þeirra svæða sem njóta stuðnings og koma til greina vegna svæðaaðstoðar samkvæmt c-lið 3. mgr. 61. gr. Sé tekið mið af þeim áhrifum sem aðstoðin hefur á svæðið benda norsk yfirvöld á sérstaka erfiðleika Austfold-fylkis sem svæðis þar sem iðnaður er á undanhaldi. Þó hafa norsk yfirvöld ekki lagt til að breyta norska kortinu yfir svæði sem njóta stuðnings og koma til greina vegna svæðaaðstoðar samkvæmt c-lið 3. mgr. 61. gr. m.a. með því að telja Austfold-fylki með, né heldur er aðstoðin veitt samkvæmt almennu fyrirkomulagi varðandi svæðaaðstoð. Því ber ekki að beita undanþágunni í c-lið 3. mgr. 61. gr. sem fjallar um aðstoð til að „greiða fyrir þróun ... ákveðinna efnahagssvæða enda hafi hún ekki svo óhagstæð áhrif á viðskiptaskilyrði að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum“.

Að teknu tilliti til fjárhagserfiðleika PLM Moss Glassverk A/S er rétt að kanna aðstoðina samkvæmt c-lið 3. mgr. 61. gr. sem „aðstoð til að greiða fyrir þróun ákveðinna greina efnahagslífsins ... enda hafi hún ekki svo óhagstæð áhrif á viðskiptaskilyrði að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum“ ásamt tilvísun til reglnanna um aðstoð til björgunar og endurskipulagningar fyrirtækja sem eiga í erfiðleikum eins og þær eru í 16. kafla⁽²⁾ í „Málsmeðferð og efnireglna á sviði ríkisaðstoðar“⁽³⁾, samþykktar af eftirlitsstofnun EFTA 19. janúar 1994. Þrátt fyrir að í tilkynningunni sé bent á ákveðnar aðstæður sem gætu komið til greina hvað varðar ríkisaðstoð til að bjarga fyrirtækjum sem eiga í erfiðleikum og aðstoða þau við endurskipulagningu, er ekki bent á þörfina fyrir björgunaraðstoð til að viðhalda tímabundið fjárhagsstöðu fyrirtækisins né er vísað til annarrar endurskipulagningaráætlunar til að gera fyrirtækið arðbært þegar til lengri tíma er litið eða annarra almennra skilyrða til samþykktar samkvæmt reglum um aðstoð til björgunar og endurskipulagningar fyrirtækja sem eiga í erfiðleikum eins og þær eru í 16. kafla leiðbeininganna á sviði ríkisaðstoðar.

Í tilkynningunni er fyrst og fremst bent á fjárhagslegar afleiðingar sem báðir skattarnir á drykkjarumbúðir og önnur skattlagning á sviði umhverfismála hafa á fyrirtækið. Í tilkynningunni er einnig lögð áhersla á hlutverk fyrirtækisins í norska kerfinu fyrir endurvinnslu á glerúrgangi. Því virðist rétt að kanna aðstoðina sem lögð er til með tilliti til undanþágunnar samkvæmt c-lið 3. mgr. 61. gr., einkum í tengslum við reglurnar um aðstoð á sviði umhverfisverndar eins og um getur í 15. kafla leiðbeininganna á sviði ríkisaðstoðar.

(1) Stjtið. EB nr. C 14, 19. janúar 1995 bls. 4 og ESS-viðbætur við Stjtið. EB nr. 1/95, 1. 9. 1995, bls. 1: Aðstoð nr. 94-045: Kort yfir svæði í Noregi sem njóta stuðnings.

(2) Samsvarar leiðbeiningum bandalagsins á sviði ríkisaðstoðar til björgunar og endurskipulagningar fyrirtækja sem eiga í erfiðleikum, sem voru samþykktar 27. júlí 1994 (Stjtið. EB nr. C 368, 23. desember 1994. 16. kafla leiðbeininganna á sviði ríkisaðstoðar var breytt með ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA frá 19. október 1994.

(3) Hér á eftir vísað til sem leiðbeininganna á sviði ríkisaðstoðar.

Aðstoð myndi fyrst og fremst bæta fjárhagsafkomu PLM Moss Glassverk A/S og/eða gera fyrirtækinu kleift að öðlast herra markaðshlutfall á umbúðamarkaðinum. Aðstoðin myndi ekki tengjast upphaflegri fjárfestingu, sköpun starfa eða öðrum tímabundnum verkefnum og myndi því teljast til rekstraraðstoðar.

Samkvæmt 1. mgr. í 15.4.3. í leiðbeiningunum á sviði ríkisaðstoðar mun eftirlitsstofnun EFTA almennt ekki samþykkja rekstraraðstoð sem veltir af fyrirtækjum kostnaði er hlýst af mengun eða hávaða er þau valda. Þó er stofnuninni heimilt að gera undantekningu á þessari meginreglu undir ákveðnum, vel skilgreindum kringumstæðum. Framkvæmdastjórn EB hefur gert slíkt hvað varðar eftirlit með úrgangi og eftirgjöf á umhverfissköttum⁽¹⁾. Slík tilvik eru skoðuð hvert fyrir sig og í ljósi þeirra ströngu skilyrða sem gilda á þeim tveimur sviðum er hér var getið. Þau skilyrði eru að aðstoðin feli aðeins í sér bætur fyrir viðbótarframleiðslukostnað umfram hefðbundinn kostnað, að hún verði tímabundin og fari almennt stíglækkandi til þess að hvetja til þess að mengun verði minnkuð eða að skilvirkari leið verði sem fyrst fundin til nota á framleiðsluþáttum. Enn fremur, að aðstoðin fari ekki í bága við önnur ákvæði EES-samningsins, sérstaklega þau sem varða frjálsa vöruflutninga og þjónustustarfsemi.

Af ástæðum sem tilgreindar eru hér að framan er þó ekki unnt að sjá á þessu stigi málsins hvort aðstoðin sem norsk yfirvöld leggja til samrýmist reglunum um frjálsan vöruflutning.

Enn fremur er, samkvæmt 3. mgr. í 15.4.3., hægt að leyfa að nýjum umhverfissköttum sé létt af tímabundið þar sem það er nauðsynlegt til þess að veita á móti minnkandi í samkeppnishæfni, einkum á alþjóðavettvangi.

Núverandi skattur sem farið er fram á undanþágu frá virðist ætlaður til að draga úr notkun einnota drykkjarumbúða af ástæðum er varða umhverfisvernd. Óhjákvæmilegar afleiðingar þessa er að framleiðendur og innflytjendur slíkra umbúða munu líða fyrir þennan skatt. Það er einnig ljóst að PLM Moss Glassverk A/S ætti, að minnsta kosti að hluta til, að geta bætt fyrir tap á markaðinum með einnota umbúðir vegna þess að aukin eftirspurn er á markaðinum fyrir margnota umbúðir. Enn fremur leggst skatturinn á einnota glerumbúðir á allar slíkar umbúðir hvort sem þær eru framleiddar af Moss Glassverk eða fluttar inn til Noregs. Hins vegar er skatturinn ekki lagður á glerumbúðir sem eru fluttar út frá Noregi. Því hefur skatturinn á einnota glerumbúðir ekki áhrif á samkeppnisstöðu Moss Glassverk á alþjóðavettvangi. Enn fremur mundi aðstoðin ekki vera tímabundin vegna þess að hún yrði veitt til óákveðins tíma. Þar af leiðandi virðist sem kröfunum um undanþágu frá umhverfisskatti, sbr. 3. mgr. 15.4.3. í leiðbeiningunum á sviði ríkisaðstoðar, sé ekki fullnægt.

Vegna þeirra ástæðna er taldar eru upp hér að framan, leikur vafi á að áformuð aðstoð samrýmist framkvæmd EES-samningsins með hliðsjón af 61. gr. hans. Eftirlitsstofnun EFTA er því skylt að hefja málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnunina og dómstólinn hvað varðar umrætt fyrirkomulag. Noregi er ekki heimilt að koma áformuðum aðgerðum í framkvæmd fyrr en lokaákvörðun hefur verið tekin þar að lútandi.“

Öðrum EFTA-ríkjum sem aðild eiga að EES-samningnum, aðildarríkjum EB, framkvæmdastjórn EB og hagsmunaaðilum er tilkynnt þetta með birtingu þessarar auglýsingar í EES-deild og EES-viðbæti við Stjút. EB og þeim boðið að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu hennar.

EFTA Surveillance Authority
74, rue de Trèves
1040 Bruxelles

Athugasemdunum verður komið á framfæri við norsk stjórnvöld.

⁽¹⁾ Framkvæmdastjórnin hefur heimilað rekstraraðstoð í formi undanþága frá umhverfissköttum eða í formi beins styrks til framleiðslu sem grundvallast á endurunnum vörum. Sem tilvísun má nefna: mál nr. N 684/93 Danmörk - kerfi fyrir söfnun og förgun notaðra hjólbarða og mál nr. N 509/92 Holland - ráðstafanir varðandi umhverfisskatt (undanþága frá sköttum fyrir vinnslu grunnvatns). Hún hefur einnig veitt Danmörku og Hollandi undanþágu frá CO2 skattinum (Mál nr. 4/92 CO2 ráðstafanir vegna skatta orkusparnaðar).

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.599 - Noranda Forest/Glunz)

95/EES/30/02

1. Framkvæmdastjórninni barst 4. 8. 1995 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækin Noranda Forest Inc. og Glunz AG öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, sameiginleg yfirráð yfir Norbord Holdings Ltd.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
 - Noranda Forest Inc.: framleiðsla, dreifing og sala skógarafurða,
 - Glunz AG: framleiðsla, dreifing og sala timburafurða,
 - Norbord Holdings Ltd: framleiðsla, dreifing og sala á vörum úr viðarplötum.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjúið. EB nr. C 207, 12. 8. 1995. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M.599 - Noranda Forest/Glunz, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.611 - Dresdner Bank/Kleinwort Benson)

95/EES/30/03

Framkvæmdastjórnin ákvað 28. 7. 1995 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels
Bréfasími: +32 2 296 43 01

Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.612 - RWE-DEA/Enichem Augusta)

95/EES/30/04

Framkvæmdastjórnin ákvað 27. 7. 1995 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels
Bréfasími: +32 2 296 43 01

Auglýsing samkvæmt 3. mgr. 16. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) 95/EES/30/05
nr. 3975/87 - Mál nr. IV/35.545 - Lufthansa/SAS

Þann 11. maí 1995 lögðu fyrirtækin Deutsche Lufthansa AG (Lufthansa) og Scandinavian Airlines System Denmark-Norway-Sweden (SAS) fram umsókn, samkvæmt 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3975/87, um ákvörðun um að beita 3. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans og 3. mgr. 53. gr. í EES-samningnum hvað varðar sambandssamninginn sem þau samþykktu þann 11. maí 1995.

Framkvæmdastjórnin birti útdrátt úr umsókninni þann 7. júní 1995 í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins í samræmi við 2. mgr. 5. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3975/87 (Stjtíð. EB nr. C 141, 7. 6. 1995, bls. 9) sem unnt er að vísa til til að fá greinargerð um málið.

Framkvæmdastjórnin hefur tilkynnt hlutaðeigandi aðilum að verulegur vafi leiki á, í skilningi 3. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 3975/87, hvort 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gildi í þessu tilviki. Samningurinn mun verulega skerða samkeppni á næstum öllum leiðum milli Skandinavíu og Þýskalands.

Framkvæmdastjórnin hefur í hyggju að veita undanþágu til 8 ára á grundvelli 3. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans og 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins að því tilskildu að sammingsaðilar samþykki tiltekna skilmála.

⁽¹⁾ Stjtíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

Áður en framkvæmdastjórnin samþykkir ákvörðun þess efnis veitir hún þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma athugasemdum sínum á framfæri eigi síðar en 45 dögum frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjtið. EB nr. C 201, 5. 8. 1995 við

Commission of the European Communities
Directorate General for Competition DG IV/D
Rue de la Loi 200
B-1049 Brussels

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 13. júlí 1995 um 95/EES/30/06
breytingu á ákvörðun 94/984/EB um heilbrigðisskilyrði og -vottorð
vegna innflutnings á nýju alifuglakjöti frá tilteknum þriðju löndum**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 13. júlí 1995 um breytingu á ákvörðun 94/984/EB um heilbrigðisskilyrði og -vottorð vegna innflutnings á nýju alifuglakjöti frá tilteknum þriðju löndum í Stjtið. EB nr. L 185, 4.8. 1995. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/984/EB er breytt eins og kveðið er á um í 1. gr. þessarar ákvörðunar (sjá nánari útlistun í framannefndum Stjórnartíðindum).

**Sjötta tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/32/EB frá 95/EES/30/07
7. júlí 1995 varðandi nauðsynlegar greiningaraðferðir til eftirlits með
samsetningu snyrtivara**

Framkvæmdastjórnin birti sjöttu tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/32/EB frá 7. júlí 1995 varðandi nauðsynlegar greiningaraðferðir til eftirlits með samsetningu snyrtivara í Stjtið. EB nr. L 178, 28.7. 1995. Í tilskipuninni er aðildarríkjunum gert skylt að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að meðan á opinberri prófun á snyrtivörum stendur, skuli greining og ákvörðun á tilteknum efnum, sem tilgreind eru í tilskipuninni, fara fram í samræmi við aðferðirnar sem lýst er í viðaukanum við hana (sjá nánari útlistun í framannefndum Stjórnartíðindum).

**Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/33/EB frá 95/EES/30/08
10. júlí 1995 um breytingu á tilskipun ráðsins 82/471/EBE um ákveðnar
afurðir í dýrafæðu**

Framkvæmdastjórnin birti tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/33/EB frá 10. júlí 1995 um breytingu á tilskipun ráðsins 82/471/EBE um ákveðnar afurðir í dýrafæðu í Stjtið. EB nr. L 167, 18. 7. 1995. Viðaukanum við tilskipun 82/471/EBE er breytt eins og kveðið er á um í viðaukanum við þessa tilskipun (sjá nánari útlistun í framannefndum Stjórnartíðindum).

**Áætlun fram í tímann fyrir stál fyrir seinni hluta ársins 1995 95/EES/30/09
og fyrir allt árið 1995**

Framkvæmdastjórnin birti áætlun fram í tímann fyrir stál fyrir seinni hluta ársins 1995 og fyrir allt árið 1995 í Stjtið. EB nr. C 194, 28. 7. 1995. Í áætluninni er gefið til kynna að jafnvel þótt neysla mætti aukast smám saman, og verð hækka enn frekar, og þrátt fyrir að innflutningur sé enn mikill og örlítið dregið úr útflutningi, þá verði þróunin á stálmarkaði bandalagsins áfram jákvæð. Framkvæmdastjórnin mun áfram fylgjast með þróuninni á innri og ytri mörkuðum til hagsmuna fyrir iðnað í bandalaginu (sjá nánari útlistun í framannefndum Stjórnartíðindum).

Tilvísunarnúmer fyrir tilkynningu um útflutning tiltekinna hættulegra kemískra efna 95/EES/30/10

Framkvæmdastjórnin birti í Stjtið. EB nr. C 181, 15. 7. 1995 skrá yfir gildandi tilvísunarnúmer fyrir bönnuð kemísk efni, eða efni sem mjög strangar reglur gilda um, sem hafa verið flutt út til 17. maí 1995, í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2455/92⁽¹⁾ (sjá nánari útlistun í framannefndum Stjtið. EB).

Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 10. 7. til 4. 8. 1995 95/EES/30/11

Þessi skjöl er unnt að fá hjá söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna

| Kóði | Skráningarnúmer | Titill | Samþykkt af framkvæmda stjórninni | Sent til ráðsins þann | Blaðsíðu jöldi þann |
|-------------|----------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------|-----------------------|---------------------|
| COM(95) 304 | CB-CO-95-355-EN-C ⁽²⁾ | Tillaga að ákvörðun ráðsins um að samþykka ályktun nr. 49 um bráðabirgðarástafanir til að tryggja öryggi og árangursríka starfsemi á sviði alþjóðlegra vöruflutninga á vegum (TIR-samningurinn) | 7.7.1995 | 10.7.1995 | 7 |
| COM(95) 342 | CB-CO-95-373-EN-C | Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til ráðsins og Evrópuþingsins um útskýringar á gagnverkandi starfsemi sem fram fer í gegnum ljósnetkerfi. Samantekt niðurstaðna | 13.7.1995 | 14.7.1995 | 24 |
| COM(95) 344 | CB-CO-95-374-EN-C | Ársskýrsla, 1. ágúst 1993 til 31. júlí 1994 um Tempus, Phare & Tacis - Evrópsk áætlun um samstarf á sviði æðri menntunar milli Mið- og Austur Evrópu, hinna nýju sjálfstæðu ríkja Sovét-ríkjanna fyrirverandi, svo og Mongólíu og Evrópusambandsins | 17.7.1995 | 17.7.1995 | 79 |
| COM(95) 360 | CB-CO-95-384-EN-C | Tillaga að tilskipun ráðsins og Evrópuþingsins um breytingu á tilskipun ráðsins 93/6/EBE frá 15. mars 1993 um eigin-fjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og lána-stofnana og tilskipun ráðsins 93/22/EBE frá 10. maí 1993 um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfavíðskipta | 17.7.1995 | 17.7.1995 | 12 |
| COM(95) 352 | CB-CO-95-379-EN-C | Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja og reglugerð (EBE) nr. 574/72 um tilhögun á framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 | 14.7.1995 | 18.7.1995 | 17 |
| COM(95) 375 | CB-CO-95-397-EN-C | Álit framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt d-lið 2. mgr. 189. gr. b í EB-sáttmálanum um breytingar Evrópuþingsins á sameiginlegri afstöðu ráðsins varðandi tillögu að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um vernd einstaklinga hvað varðar vinnslu persónulegra gagna og um frjálsa flutninga slíkra gagna Breyting á tillögu framkvæmdastjórnarinnar | 18.7.1995 | 18.7.1995 | 13 |

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 251, 29. 8. 1992, bls. 13.

⁽²⁾ „EN“ vísar til enska COM-skjalsins.

| Kóði | Skráningarnúmer | Titill | Samþykkt af framkvæmda stjórninni | Sent til ráðsins þann | Blaðsíðu jöldi þann |
|-------------|-------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------|-----------------------|---------------------|
| COM(95) 356 | CB-CO-95-382-EN-C | Áætlunin „Evrópa gegn krabbameini“ - Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar til ráðsins, Evrópuþingsins, efnahags- og félagsmálanefndarinnar og svæðanefndarinnar um framkvæmd annarrar aðgerðaráætlunarinnar (1990-1994) | 18.7.1995 | 19.7.1995 | 46 |
| COM(95) 357 | CB-CO-95-383-EN-C | Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar til ráðsins, Evrópuþingsins, efnahags- og félagsmálanefndarinnar og svæðanefndarinnar um ástand heilbrigðismála í Evrópubandalaginu | 19.7.1995 | 19.7.1995 | 103 |
| COM(95) 377 | CB-CO-95-403-EN-C | Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1107/70 um aðstoð vegnaflutninga á járnbrautum, vegum og skipgengum vatnaleiðum | 19.7.1995 | 19.7.1995 | 8 |
| COM(95) 368 | CB-CO-95-393-EN-C | Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar til ráðsins og Evrópuþingsins um starfsemi sérstakrar embættismannanefndar framkvæmdastjórnarinnar sem annast eftirlit í víngeiranum á tímabilinu 1. maí 1992 til 31. desember 1994 | 19.7.1995 | 24.7.1995 | 42 |
| COM(95) 282 | CB-CO-95-316-EN-C | Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um áætlun bandalagsins varðandi öryggi, hollustuhætti og heilbrigði á vinnustöðum (1996-2000) Tillaga að ákvörðun ráðsins um að samþykkja áætlun um aðgerðir, sem ekki eru laga-bindandi, til að bæta heilbrigði og öryggi á vinnustöðum | 12.7.1995 | 25.7.1995 | 57 |
| COM(95) 365 | CB-CO-95-388-EN-C | Fjórða könnun framkvæmdastjórnarinnar um ríkisaðstoð í Evrópusambandinu bæði á sviði framleiðslu og tilteknum öðrum sviðum | 26.7.1995 | 27.7.1995 | 95 |
| COM(95) 372 | CB-CO-95-396-EN-C | Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar um framkvæmd tilskipana um gæði andrúmslofts | 26.7.1995 | 27.7.1995 | 139 |
| COM(95) 373 | CB-CO-95-394-EN-C | Breytt tillaga að ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins um áætlun til að styðja við lista- og menningarstarfsemi sem tengist Evrópu (Kaleidoscope 2000) | 28.7.1995 | 28.7.1995 | 25 |
| COM(95) 410 | CB-CO-95-448-EN-C | Tillaga að reglugerð ráðsins (EC) um aðstoð til skipasmíða | 26.7.1995 | 31.7.1995 | 18 |

DÓMSTÓLLINN

Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna⁽¹⁾

95/EES/30/12

Dómur dómstólsins frá 31. maí 1995 í máli C-400/93 (beiðni um forúrskurð frá Faglige Voldgiftsret (Danmörku)): Specialarbejderforbundet i Danmark gegn Dansk Industri (sömu laun fyrir konur og karla).

Mál C-77/95: Beiðni um forúrskurð frá Hanseatisches Oberlandesgericht í Bremen samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 14. febrúar 1995 í máli Bruna-Alessandra Züchner gegn Handelskrankenkasse (Ersatzkasse) Bremen.

Mál C-97/95: Beiðni um forúrskurð frá Tribunal Tributario de Segunda Instância samkvæmt fyrirmælum frá 29. nóvember 1994 í máli Pascoal & Filhos SA gegn Fazenda Pública.

Mál C-104/95: Beiðni um forúrskurð frá Polimeles Protodikio, Aþenu, samkvæmt dómi þess dómstóls frá 30. nóvember 1994 í máli Georgios Kontogeorgas gegn Kartonpak AE.

Mál C-107/95 P: Máli áfrýjað þann 31. mars 1995 af Bundesverband der Bilanzbuchhalter gegn dómnum sem kveðinn var upp þann 23. janúar 1995 af fjórðu deild dómstóls Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi í máli T-84/94 milli Bundesverband der Bilanzbuchhalter og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna.

Mál C-122/95: Mál höfðað þann 10. apríl 1995 af Sambandslýðveldinu Þýskalandi gegn ráði Evrópusambandsins.

Mál C-124/95: Beiðni um forúrskurð frá Court of Appeal, London, samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 27. maí 1994 í máli the Queen gegn HM Treasury og the Bank of England, fyrir hönd: Centro-Com srl.

Mál C-127/95: Beiðni um forúrskurð frá Court of Appeal í Norður-Írlandi samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 27. mars 1995 í máli Norbrook Laboratories Ltd gegn the Ministry of Agriculture, Fisheries and Food.

Mál C-139/95: Beiðni um forúrskurð frá Pretura Circondariale di Genova samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 19. apríl 1995 í máli Livia Balestra gegn Istituto Nazionale della Previdenza Sociale (INPS).

Mál C-145/95 og C-146/95: Beiðni um forúrskurð frá Pretura Circondariale, Róm (Castelnuovo di Porto Division) samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 22. desember 1994 í málum Città Convenienza Bergamo Srl gegn 1) borgarstjóranum í bæjarfélaginu Trezzano sul Naviglio og 2) borgarstjóranum í bæjarfélaginu Torínó.

Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi⁽¹⁾ 95/EES/30/13

Mál T-105/95: Mál höfðað þann 18. apríl 1995 af WWF UK (World Wide Fund for Nature) gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-120/95: Mál höfðað þann 12. maí 1995 af Friedel Börsch gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

⁽¹⁾ Sjá Stjórnartíð. EB nr. C 174, 8. 7. 1995.